



Umhverfis- og skipulagshópur

Samstarfsnefnd um sameiningu Borgarfjarðarhrepps, Djúpavogshrepps, Fljótshálsa og Seyðisfjarðarkaupstaðar
Formaður: Elvar Snær Kristjánsson
www.svausturland.is

minnisblað

Hópur um umhverfis- og skipulagsmál kom saman á þremur fundum með viku millibili til að fara yfir aðalskipulög og áherslur í sveitarfélögunum fjórum auk þess að ræða mögulegar áskoranir í umhverfis- og skipulagsmálum verði af sameiningu. Fyrsti fundur samanstóð af skipuðum fulltrúum hópsins og verkefnastjórum, annar fundur var með fulltrúum hópsins og loks sá þriðji samstóð af byggingar- og skipulagsfulltrúum sveitarfélaganna auk verkefnisstjóra svæðisskipulags Austurlands.

Gildistími aðalskipulaga og ráðgjafar:

Borgarfjarðarhreppur 2004-2016 - Landmótun

Ekkert deiliskipulag á heimasíðu. Eitt deiliskipulag fyrir frístundabúskap samkvæmt 2. fundargerð.

Djúpavogshreppur 2008-2020 - TGJ Teiknistofa Guðrúnar Jónsdóttur

6 deiliskipulög.

Fljótshálsa 2008-2028 - ALTA

59 deiliskipulög

Seyðisfjarðarkaupstaður 2010-2030 - EFLA

3 deiliskipulög - vinnsla hafin á því fjórða.

Að undanskildum samgöngumálum sjá fundarmenn almennt ekki teljandi vandamál fyrir sér í skipulagsmálum verði af sameiningu og í raun ekki mörg sem verða tilkomin vegna hennar. Þó munu líklega koma til einhverrar samræmingar á skipulögum og samþykktum til að mynda vegna ferðaþjónustu (RB&B) og annarra ólíkra takmarkana milli skipulaga. Ítarlegt skipulag Djúpavogshrepps var sértaklega nefnt í þessu tilliti.

Páll Línadal, skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps, telur mikilvægt að hvert sveitarfélag hefji strax vinnu við að móta frumhugmyndir að markmiðum og framtíðarsýn varðandi aðalskipulag á sínu svæði, þannig að betur sé hægt að átta sig á hvar er samhljómur milli málsaðila og hvar ekki. Miklar breytingar hafa átt sér stað á gildistíma í mörgum málaflökkum.

Byggingarulltrúar telja ráðlegt að núverandi sveitarfélög haldi sinni vinnu áfram varðandi endurskoðun aðalskipulags. Einnig lýsa þeir yfir miklum áhyggjum af samdrætti á skrifstofu skipulagsmála ef af sameiningu verður og frekar eigi að horfa til bættrar þjónustu í stað hagræðingar. Þá sjá byggingarulltrúar ekki mikla möguleika á hagræðingu í eftirliti.

Mögulegar áskoranir:

- 3 hafnir - skilgreina mismunandi áherslur
- Samgöngumál
- Fráveitumál
 - mögulega bara Bfjh uppfyllir kröfur
- Sorpmál
 - svæðisáætlun í úrgangsmálum
 - þrír urðunarstaðir í dag
- Vatnsverndarsvæði
- Flutningsleiðir orku
 - lagnaleiðir á verndarsvæðum
- Cittaslow á Djúpavogi
- Snjóflóðavarnir á Seyðisfirði
- Framvinda í ferðaþjónustu
 - afstaða til heimagistingar (RB&B)
- Snjósmokstur - samræming þjónustu
- Áætlanir RARIK um að leggja niður hitaveitu á Seyðisfirði
- Uppbygging ljósleiðara
- Breytingar í landbúnaði
- Gagnaskráning á einn stað
- Fjallskil